

Höggmyndasýning Ólafar Pálsdóttur vekur athygli í London

Ólöf Pálsdóttir, myndhöggvari hélt fyrir skömmu sýningu á verkum sínum í London. Sýndi hún þar 36 höggmyndir af ýmsum stærðum, eldri og yngri listaverk.

Sýningunni var afar vel tekið og sóttu hana um 400 manns, sem þótti mjög góð aðsókn á svo óheppilegum árstíma. The Times sagði myndarlega frá sýningunni og birti stóra mynd af einni höggmyndanna og af listakonunni og hennar var einnig getið í öðrum blöðum. Sýningin stóð frá 14. til 21. september og sóttu hana ýmsir þekktir forstöðumenn listasafna, m.a. forstöðumenn Tate Gallery og óskuðu þeir eftir að fá í hendur myndir af verkunum og upplýsingar um þau.

Ólöf Pálsdóttir hefur áður, meðan hún var í Kaupmannahöfn haft höggmyndasýningu í Englandi — í boði Cambridge-háskóla í Kettle Yard, sem þykir mikill heiður í Englandi. Meðal þeirra, sem boðið hefur verið að sýna í Kettle Yard, má nefna hina heimsfrægu ensku myndhöggvara Henry Moore og Barböru Hepworth en Ólöf var, ásamt dönskum listmálara, fyrsti listamaðurinn frá Norðurlöndum sem boðið hefur verið að sýna þar.

Einnig var henni boðið ásamt fleirum að sýna höggmyndir sínar í Islington Town Hall, 1978.

En sýning Ólafar nú var fyrsta einkasýning hennar í London. Kom þangað fólk úr öllum stéttum og margt víðsvegar að. Þótti merkilegt hve vel hún var sótt, þar sem júlí til október þykja mjög daufir sýningarmánudir.



Frá sýningu Ólafar Pálsdóttur myndhöggvara í London í september sl. T.v. á myndinni má sjá gífsafsteypu af „Tónlistarmanninum“, stytta Ólafar af cellóleikaranum Erling Blöndal Bengtson.




Listamaðurinn á tali við sýningargesti, myndhöggvarann Minu Syma (t.v.) og Robert Thomas, varaforseta Konunglega breska myndhöggvarafélagsins.

Forstöðumaður Tate Gallery, dr. David Brown, skrifar um verk Ólafar að það

hafi veitt sér mikla ánægju að skoða þau og kallar þau stórfengleg.

Ward Green, einn aðal-listgagnrýnandi „Art Review“ segir það vera sér



„Negrastúlka“

mikið ánægjuefni að skrifa um listaverk sem fylli hann jafn mikilli aðdáun og verk Ólafar Pálsdóttur og nefnir hinn hreina styrkleika þeirra. Hinn þekkti listmálari Joseph Hermann segir um Ólöfu að hinir miklu hæfileikar hennar sjáist hvað best í því hve verk hennar eru öflug og form þeirra fullkomið.

Magnús Magnússon sagði í tilefni af opnun sýningarinnar að það væri glæsilegur viðskilnaður við London að halda meiriháttar listsýningu og halda þannig við minningunni um störf þeirra hjóna í London.

Þá hefur Konunglega breska myndhöggvarafélagið, The Royal Society of British Sculptors, boðið Ólöfu að sýna á þeirra vegum við fyrstu hentugleika.

Borgarlistamaðurinn Bragi

Myndlist

Valtýr Pétursson

Bragi Ásgeirsson er annar listamaðurinn sem notið hefur þeirra launa, sem Reykjavíkurborg úthlutar árlega. Á seinasta ári var það Magnús Tómasson, sem naut sömu launa. Það mun vera ætlast til, að viðkomandi styrkþegi sýni árangur af vinnu sinni, hvort heldur um er að ræða myndlistarmenn eða aðra listamenn. Magnús hélt stóra sýningu á listahátíð og kvittaði þannig fyrir sig. Nú hefur Bragi Ásgeirsson opnað víðamikla sýningu á myndverkum sínum að Kjarvalsstöðum. Bragi sýnir þarna hvorki meira né minna en 88 myndverk, sem gerð eru í olíulitum og akryl að mestu. Þetta er dálítið ótrúlegt, þegar þess er gætt, að Bragi sýndi í báðum söllum Kjarvalsstada fyrir aðeins tveim árum. Það verður því með sannri sagt, að hann hafi notað tíma sinn vel að

undanförnu, og verða afköst hans að teljast ótrúleg.

Það er langt síðan Bragi Ásgeirsson öðlaðist sinn persónulega svip sem máleri. Hann hefur unnið í áratuðir sem fullmótmaður listamaður, og þessi sýning hans gefur ekki til kynna, að um neinar miklar breytingar sé að ræða hjá Braga. Það er helst í efnisvali, sem má finna nýjungar. Hann virðist vera að færast meira og meira í fang með figúr-una í málverki sínu og ég er ekki frá því, að einmitt þær myndir, er byggðar eru á nekt módelisins, eins og til dæmis nr. 7 „Værd“, séu í flokki þess áhugaverðasta á þessari sýningu. Þarna eru einnig nokkrar andlitsmyndir, sem mér leist vel á. Það er auðséð á þessari sýningu, hve vel Bragi hefur notað aðstöðu sína, fyrr í sumar, annars allt nýtt. Ég held, að þær ályktanir megi draga af þessari sýningu og einnig af sýningu Magnúsar Tómassonar, að það fyrirkomulag að veita mönnum starfslaun í heilt ár sé



Bragi Ásgeirsson hjá nokkrum verka sinna.

örvandi og af hinu góða fyrir þá listamenn, er verða fyrir valinu. Í þessi tvö skipti hefur vel til tekist, og vonandi verður uppteknum hætti haldið.

Það mætti nefna mörg verk, sem eru þess virði að þeim sé veitt eftirtekt á þessari sýningu Braga, en ég fer hér fljótt yfir sögu og nefni aðeins það sem ríkast er í huga mér eftir að hafa séð sýningu Braga oftar en einu sinni: nr. 6, nr. 7, nr. 42, nr. 43, nr. 45 og nr. 53. Allt eru þetta verk, sem mér féllu vel í geg, og verður þessi upptalning að

nægja hér. Minna fannst mér til koma, hvað varðar myndserfuna „Tilbrigði jarðar“. Þar verka hlutirnir nokkuð þungt og verða of einhliða. Sumstaðar í þessum verkum Braga má finna vissa pötíska rómantik, sem fellur vel að litameðferð hans. Hann byggir verk sín yfirleitt á beinskeyttari hátt og nær því oft furðu ákveðnum tilgangi í verk sín. Þessi sýning Braga er með því besta sem hann hefur látið frá sér fara, og það má vel óska honum til hamingju með afrakstur síðustu missera. Það má með

nokkrum sannri segja, að þarna sé misjafn saundur í mörgu fé, en samt er betri hliðin sigurvegarinn í þetta skiptið.

Ég hef kallað Braga borgarlistamann hér í þessum línum. Það er mikill titill, og ég vona, að hann fyrstist ekki við að bera svo virðulegt heiti. Nú er hans styrkþegaskeið brátt á enda, og annar fær sama titil. Að lokum vil ég aðeins minnast á, hve vel hefur valist í þessa stöðu og vonast til að áframhald verði í samræmi við byrjunina.

Valtýr Pétursson